

MOSFELLINGUR

8. tbl. 7. árg. föstudagur 6. júní 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

MIÐBÆJARTORGID VÍGT



Stór þáttur í því að glæða miðbæinn lífi

- segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

Mynd/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Arnartangi - einbýli á jaðarlóð




Glæsilegt 172,8 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr á MJÖG flottum stað, neðst í botnlanga með sjávarútsýni við Arnartanga. Húsið er steinsteypt einbýlishús á einni hæð, íbúðin er 139,6 m², auk frístandandi 33,2 m² bílskúrs. Lóðin er 1.080 m², mjög gróin og skjólgóð, aðkoma er að sunnanverður og stór suðurgarður, að norðanverður er óbyggt svæði og mikið útsýni, út á Leirvoginn og sundin og Esjan í aðalhlutverki.

Verð 54,9 m.



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080

Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



MOSFELLSBAKARI

Gledilegt sumar!

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf.

Flugumýri 2 Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 27. júní

Velt vöngum

Hvað er málið með Krikahverfi?
Blokkinar fremst og einbýlis-
húsin aftast. Svo hefst skólinn í
öðru hverfi af því það er ekki pláss
í Krikanum. Skrítið hverfi?


Miðbæjartorgið
er flott, eitt það
stærsta á landinu. En
eithvað verður það
að heita torgið.
Heitatorgið?

Glatað
meist-
ara-

flokkarnir í fótbolta geti ekki spilað
fyrstu heimalaikina á alvöru grasi.
Þarf ekki að hugsa betur um aðal
leikvanginn okkar og Tungubakk-
ana sem hafa verið eitt flottasta
svæði á landinu en margir telja nú
í sínu versta ásigkomulagi?

Ummerki þess að Mosfellsbær
sé að stækka og breytast
má nú glögg sjá á stuttum tíma.
Toppform er til dæmis orðið World
Class, Bæjardekk og Esso orðin N1,
Pizzabær orðinn Hrói höttur og
nú er Fasteignasala Mosfellsbæjar
orðin Eignamiðlun. Er þetta slæmt
eða er bærinn bara að fullorðnast?

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...


... þegar glíman var helsta skemmtun
ungra manna í sveitum landsins, en
eins og flestir vita er glíman okkar
þjóðaríþrótt. Glíman var vinsæl hjá
félögum í Aftureldingu á fyrri hluta
síðustu aldarinnar.

Á vinstri myndinni sést Þorgeir Jóns-
son frá Varmadal á Kjalarnesi, sem
síðar bjó í Gufunesi, lyfta Sigurði
Greipssyni í Haukadal hátt á loft.
Þorgeir var einn helsti afreksmaður
Ungmennafélagsins Aftureldingar
í sinni tíð, bæði í glímu og frjálsum
íþróttum.

Á hægri myndinni má sjá Grím Norð-
dahl á Úlfarsfelli fella Jón Sturluson
frá Fljótshólum með sniðglímu á lofti.
Grímur tók mikinn þátt í starfi ung-
mennafélagsins og var formaður þess
á 4. áratug síðustu aldar



HÉÐAN OG ÞAÐAN





Starfsmenn Eignamiðlunar, Mosfellsbæ: Egilína S. Guðgeirsdóttir, Sigurjón Einarsson, Hildur Ólafsdóttir, Einar Páll Kjærnested, Þorleifur St. Guðmundsson, Stella Hrönn Ólafsdóttir og Inga María Ottósdóttir.

Öflugri og umfangsmeiri fasteignaþjónusta í Mosfellsbæ

Fasteignasala Mosfellsbæjar verður Eignamiðlun, Mosfellsbæ

Okkur er sérstök ánægja að tilkynna að Fasteignasala Mosfellsbæjar, sem hefur verið í fararbroddi í sölu fasteigna í Mosfellsbæ í tíu ár, hefur sameinast Eignamiðlun, einni af virtustu og traustustu fasteignasölum á landinu í meira en hálfa öld. Hjá hinu sameinaða fyrirtæki Eignamiðlunar munu starfa 20 starfsmenn, þar af 10 löggiltir fasteignasalar.

Frá og með 1. júní 2008 mun Fasteignasala Mosfellsbæjar því starfa undir nafninu Eignamiðlun, Mosfellsbæ.

Við flytjumst jafnframt um set í Kjarna, Þverholti 2, og bjóðum viðskiptavinum okkar í nýtt og glæsilegt húsnæði á sjöttu hæð.

Við erum sannfærð um að þessi tímamót í sögu Fasteignasölu Mosfellsbæjar eiga eftir að bæta þjónustu okkar, auka úrval fasteigna sem við höfum í boði og tryggja enn frekar hag kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum í Mosfellsbæ.

Reynsla, heiðarleiki og þekking á fasteignamarkaðnum eru grunnur að farsælum viðskiptum.

 **EIGNAMIÐLUN**
Mosfellsbæ



Þrúður ráðin skóla- stjóri Krikaskóla

Bæjarstjórn hefur samþykkt að ráða Þrúði Hjelm sem skóla-
stjóra Krikaskóla. Umsækjendur
um skólastjórastöðuna voru
eftirfarandi: Bergljót Kristín
Ívarsdóttir, Efemía Gísladóttir,
Gunnar Börkur Jónasson, Valdi-
mar Víðisson og Þrúður Hjelm.
Þrúður er leik- og grunnskóla-
kennari með framhaldsmenntun
í sérkennslufræðum og verkefna-
stjórnun. Hún hefur starfað við
leikskólann Hulduberg frá árinu
2000. „Starfið leggst mjög vel
í mig og ég hlakka mikið til að
takast á við þetta verkefni. Við
byrjum í haust í bráðabirgða-
húsnæði í Helgafellshverfi með
aðstöðu fyrir 2-5 ára börn, sagði
Þrúður þegar Mosfellingur náði
af henni tali.



Utanvegaakstur í hlíðum Úlfarsfells

Nokkuð hefur borið á kvörtun-
um um utanvegaakstur að und-
anförunu og virðast jeppamenn
m.a. eiga það til að aka utan
vegslóða í hlíðum Úlfarsfells. Nú
vorar og er jarðvegur sérstaklega
laus í sér og viðkvæmur fyrir
átroðningi, og því sérstaklega
þörf á að fylgja reglum um utan-
vegaakstur fast eftir. Jeppamenn
eru vinsamlegast beðnir um að
virða þessar reglur og halda sig á
fyrirfram mörkuðum vegslóðum.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Glæsilegt 1700 fm torg tekið í notkun í tilefni 100 ára hitaveitu á Íslandi

Hátíðleg athöfn á nýju torgi

Síðastliðinn laugardag, 31. maí,
var tekið í notkun nýtt og glæsilegt
torg við Þverholt. Á sama tíma var
vígt útilistaverk og fræðsluskilti í
tengslum við 100 ára afmæli hita-
veitu á Íslandi, en listaverkið nefn-
ist „Hundraðþúsundmíljón tonn af
sjóðheitu vatni“.

Kirkja og menningarhús

„Það er von mín og reyndar er ég
alveg viss um að það verði að veru-
leika að þessi staður eigi eftir að eiga
stóran þátt í að glæða miðbæinn
okkar nýju lífi,“ sagði Haraldur Sver-
risson bæjarstjóri.

„Undanfarin rúm tvö ár hefur
verið unnið að skipulagsmálum hér
í miðbænum. Þar er gert ráð fyrir
framhaldsskóla á auða svæðinu
milli Bjarkarholts og Vesturlands-
vegar. Handan torgsins er svo gert
ráð fyrir að menningarhús risi og
ný kirkja fyrir sveitina okkar. Þetta
verður geysileg lyftistöng, sem er
nauðsynleg til að efla líf og aðdráttar-
afl miðbæjarins.“

Hvað á torgið að heita?

Mosfellsbær óskar eftir hugmynd-
um um nafn á torgið og þá starf-
semi og atburði sem hæfa því.
Tillögurnar má senda á netfangið
mos@mos.is. Án efa á það eftir að
gegna veigamiklu hlutverki í men-
ingarstarfsemi bæjarins.



Við listaverkið. Helgi Pétursson kynnir víglsuhátíðarinnar, Kjartan Magnússon stjórnar-
formaður OR, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar.



Ánægðir hjólagarpar á nýja torginu.



Karalakórinn Stefnir tekur lagið í sólinni.



Við víglsuna. Guðmundur Davíðsson
formaður afmælisnefndar Samorku, Karl
Tómasson, Kristinn Hrafnsson höfundur
listaverksins og Helgi Pétursson.



Mosfellingar virða fyrir sér torgið og nýtt fræðsluskilti við gamlan hitaveitustokk.



Séð yfir torgið í átt að Kjarna.

Helgihald næstu vikur:

8. júní


Guðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

17. júní - Þjóðhátíðardagur

Hátíðarguðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11
Sr. Jón Þorsteinsson

22. júní - Jónsmessa

Söngstund á sumarkvöldi í Lágafellskirkju kl. 20
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir




SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!

SÁLTIN FLANNS JÓNNSS MYTIN



GLEÐILEGT SÁLARSUMARI!

HLÉGARÐUR MOSFELLSBÆ FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 6. JÚNÍ

- ★ Aldurstakmark 20 ár
- ★ Miðasala hefst á staðnum kl. 22:00
- ★ Soul, soul skín á mig!

tónlist Coke megin í lífinu





Fasteignasala Mosfellsbæjar verður Eignamiðlun, Mosfellsbæ

Fastmos í útrás

Hjónin Einar Páll Kjærnested og Hildur Ólafsdóttir hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar hafa keypt hlut í Fasteignasölu Eignamiðlun, sem er elsta starfandi fasteignasala landsins og ein sú stærsta. Samhliða þessum kaupum sameinast fyrirtækin undir nafni Eignamiðlunar. Starfsmenn verða samtals 20, þar af 10 löggiltir fasteignasalar og verða skrifstofurnar eftir sem áður tvær, í Síðumúla 21 í Reykjavík og svo í Kjarnanum í Mosfellsbæ.

Verðum á toppnum í Mosfellsbæ

Aðspurður, segir Einar Páll að það hafi verið erfitt að skilja við nafn Fasteignasölu Mosfellsbæjar, en þetta er þó ekkert til að skammast sín yfir – „Eignamiðlun Mosfellsbæ er einnig mjög gott nafn“ segir Einar. Í okkar huga er þetta frábært tækifæri, hér erum við að fá eina stærstu og virtustu fasteignasölu á landinu í Mosfellsbæinn, en áfram verður sama góða Fastmos fólkið. Í byrjun júlí ætlar fasteignasalan að opna nýja og glæsilega skrifstofu á efstu hæðinni í Kjarna, „Við erum búin að stefna á toppinn í Mosfellsbæ í langan tíma og nú sjáum við það loks verða að veruleika“ segir Einar léttur í bragði.

Með flutningi upp á 6. hæð stækka skrifstofur fasteignasöluinnar um helming og aðstaða verður öll eins og best verður á kosið. „Við verðum



Á nýjum stað. Lína, Einar Páll, Stella Hrönn, Hildur og Þorleifur.

þarna með einstakt panorama útsýni yfir Mosfellsbæinn”.

Öflugri þjónusta

Það verða eflaust einhverjar breytingar á starfsemi okkar með þessari sameiningu, en ég er sannfærður um að þær verða bara jákvæðar. Núna höfum við aðgang að stórum og öflugum hópi fólks með mikla starfsreynslu, þannig að nú gefst okkur færi á að sinna viðskiptavinum okkar enn betur en áður.

Síðastliðin 10 ár hefur Fasteignasala Mosfellsbæjar verið áberandi í stuðningi við íþróttar-, æskulýðs- og

félagsmál í bæjarfélaginu. Verður einhver breyting á þessu? „Nei – ekki á meðan ég stend í brúnni. Frá upphafi höfum við haft þá stefnu að þegar vel gengur, þá hafi fyrirtækið siðferðislega skyldu til að gefa aftur til samfélagsins. Ég þekki það vel að vera hinum megin við borðið, þegar ég starfaði fyrir handknattleiksdeild Aftureldingar, þá gekk maður á milli fyrirtækja í leit að styrkjum.“

Eitthvað að lokum? „Jú, við hvetjum alla Mosfellinga til að heimsækja okkur í júlí og njóta útsýnisins með okkur – á toppnum í Mosfellsbæ”.

Ný verslun í Háholti

Skinhope.is er ný verslun sem hefur opnað að Háholti 14 í Mosfellsbæ. Verslunin selur náttúruleg hágæða fegrunarefni frá Ziaja til umönnunnar fyrir andlit, líkama og hár á góðu verði. Opnunartími verslunarinnar er frá 17-19 alla virka daga en 11-16 á laugardögum.

Í sama húsnæði er heildverslunin Serica sem býður upp á afar vandaðar gjafavörur víða að úr heiminum. Heildverslunin er opin frá 09-15:45 alla virka daga. Í tilraunaskyni verður gjafavörverslunin Lífstíll, sem selur vörur frá Sericu, með opið á laugardögum fram á haustið. Á myndinni má sjá eigendurna, þær Kristjönu og Ölmú.



Bensínvaktin

Nú eru reknar þrjár bensínstöðvar hér í bæ. Hvar er ódýrast að taka bensín? Hér kemur verðið hjá stöðvunum þremur, þegar blaðið fór í prentun, miðað er við sjálfsafgreiðsluverð.

N1 við Háholt

N1 95 okt. 162,40 kr/ltr
Diesel 177,20 kr/ltr

Atlantsólía við Krikahverfi

AQ 95 okt. 162,40 kr/ltr
Diesel 177,20 kr/ltr

Olís við Langatanga

olis 95 okt. 162,40 kr/ltr
Diesel 177,20 kr/ltr



Fimm kórar sungu saman á kóramóti eldri borga.

Vel er mætt til vinafundar

Glæsilegt kóramót

Kóramót eldri borgara fór fram í íþróttahúsinu að Varmá þann 17. maí. Vel tókst til og sungu allir kórnir nokkur lög auk þess sem kórnir sungu allir saman í lok tónleikanna. Þátttakendur voru, Gaflarakórinn frá Hafnarfirði, Hörpu-kórinn frá Árnessýslu, Hljómur frá Akranesi, Eldey frá Suðurnesjum auk Gestgjafanna í Vorboðum



Púttkennsla

Púttkennsla er á Hlaðhömrum á mánudögum og föstudögum kl. 14.

Laust í Snæfellsferð

Snæfellsnesferð, ennpá er mögulegt að bæta við tveimur herbergjum á Hótel Stykkishólmi dagana 25.-26. júní. Lagt verður af stað kl. 09 frá Hlaðhömrum. Upplýsingar hjá Svanhildi í síma 586-8014 eftir hádegi.



ELDRI BORGARAR



PÍLUS

MOSFELLSBÆ

H á r s n y r t i n g - v e r s l u n

**Frábært tilboðshorn næstu daga
þar sem vörur eru á 30% afslætti**

**Sniðugar hárvörur í tösku til að
hafa með sér í ferðalagið.**

Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090



543 milljóna króna tekjuafgangur

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2007 var samþykktur í bæjarstjórn 3. júní sl. Rekstrar- niðurstaða A og B hluta var jákvæð um 543 m.kr. Veltufé frá rekstri var 600 m.kr. eða 13,8% af rekstrartekjum og handbært fé frá rekstri var 416 m.kr. Skuldir og skuldbindingar A og B hluta lækkuðu um 348 m.kr. á árinu og námu 3.730 m.kr. í árslok. Eiginfjárhlutfall A og B hluta var 0,42 og hefur hækkað úr 0,25 frá árinu 2002 en sé einungis litið til A hluta var eiginfjárhlutfall 0,42 og hefur hækkað úr 0,15 frá árinu 2002.

„Þetta er ein besta rekstrar- niðurstaða Mosfellsbæjar fyrr og síðar“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.



10 milljóna vinn- ingur í Snælandi

Heppinn Mosfellingur vann tæpar 10 milljónir í Víkingalottói á dögnum. Vinningsmiðinn var seldur í Snælandi Háholti. „Kominn tími á alvöru vinning“ segir Ásta í Snælandi.

Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands vill halda hávaða innan hættumarka

Leikskólar fá hávaðamæla

Rannsóknir hafa sýnt að hávaði í leikskólum er að meðaltali 76,1 - 98 dB í jafngildishljóðstigi og fer upp í allt að 116 dB.

Niðurstöður rannsókna sýna að hávaði sem fer yfir hættumörk getur valdið varanlegum skaða. Vitað er að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir. Kjósarsýsludeild Rauða Kross Íslands var það því ljúft og skylt að verða við ósk um að gefa hávaðamæla á alla leikskólana á svæði deildarinnar. Mælarnir eru líkir umferðarljósum, á þeim logar grænt ljós en þegar hávaði eykst verður ljósið gult og að lokum rautt ef hávaðinn fer yfir hættumörk. Börnin sjá mælinn og eru þau minnt á að passa að ljósið verði ekki rautt. Mælarnir eru einnig búnir sírenu sem hægt er að kveikja á en hún fer þá í gang þegar ljósið verður rautt. Það er von deildarinnar að mælarnir verði gott hjálpartæki til að halda hávaða innan veggja leikskólanna innan hættumarka.



Við afhendinguna. Jóhannes Baldur Guðmundsson, formaður Kjósarsýsludeildar Rauða kross Íslands; Tanya K. Dimitrova leikskólastjóri á Bergi, Kjalarnesi; Gunnhildur M. Sæmundsdóttir, leikskólafulltrúi í Mosfellsbæ; Guðrún Víktorsdóttir aðstoð- arleikskólastjóri á Huldbergi; Gyða Vigfúsdóttir leikskólastjóri á Reykjakoti, Jóhanna S. Hermannsdóttir, leikskólastjóri í Hlíð; Sveinbjörg Davíðsdóttir, leikskólastjóri á Hlaðhömrum og Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri.

Endurnýjun styrktarsamnings Glitnis og Harðar

Glitnir styrkir æskuna

Glitnir Mosfellsbæ og Hesta- mannafélagið Hörður hafa endur- nýjað styrktarsamning sín á milli fyrir árið 2008. Hjá félaginu er rekið öflugt æskulýðs- og unglingastarf og er styrkurinn hugsaður til að styrkja starfið enn frekar.

Í fyrra var gerður samskonar samningur á milli Glitnis og Hesta- mannafélagsins og eru báðir aðilar afskaplega ánægðir yfir því hversu vel samstarfið hefur gengið.

„Glitni er sönn ánægja að styrkja það kraftmikla starf sem rekið er

hjá Hestamannafélaginu Herði og það er ánægjulegt að sjá hversu mikinn áhuga unga fólkið hefur á hestamennskunni,“ sagði Sigríður Jónsdóttir, útíbússtjóri Glitnis í Mosfellsbæ.

Á myndinni má sjá Hinrik Ragn- ar Helgason taka við styrknum fyrir hönd Hestamannafélagsins Harðar úr höndum Þóru Arn- heiðar Sigmundsdóttur, Glitni Mosfellsbæ. Hinrik er á Stormi frá Akri og Þóra á Snorra frá Mora- stöðum.



TIL SÖLU

Furubyggð - parhús

EIGNAMÍÐLUN
Mosfellsbæ



Stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs. Mjög falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílapan er hellulagt og garður er afgirtur og falleg timburvernd fyrir framan stofuna. Þetta er falleg eign í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ. **Verð 41,6 m**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



Sigríður Johnsen kveður



Sigríður Johnsen skólastjóri í Lágafellsskóla leggur um þessar mundir farsælan starfsferil sinn á hilluna og fer á eftirlaun. Sigríður hefur verið ann- ar tveggja skólastjóra Lágafellsskóla frá fyrsta starfsári skólans árið 2001.

Nú á dögnum kvóddu nemendur í 2. árgangi skólans Sigríði með einstaklega fallettri gjöf sem þau höfðu sjálf búið til. Hún fékk að gjöf trefil sem nemendur höfðu þæft úr ull. Alls 90 nemendur árgangsins lögðu hönd á plóg við gerð þessarar einstaklega fallettu gjafar.

Um leið og nemendur og starfsfólk Lágafellsskóla óska henni alls hins besta um alla framtíð viljum við þakka Sigríði fyrir farsæl störf og sérlega ánægjuleg samskipti í gegnum árin.

F.h. starfsfólks og nemenda Lágafellsskóla,
Elísabet Jónsdóttir, deildarstjóri.

LEIKGLEÐI 2008



LEIKGLEÐI 6 - 9 ÁRA

A) 9.-13. júní, B) 16.-21. júní, C) 23. júní-27. júní og D) 4.-8. ágúst, öll kl. 15:00-16:00 (1 vika). Verð 3000 kr.

Í sumar verður boðið upp á fjögur vikulöng námskeið fyrir 6-9 ára börn. Á námskeiðunum verður farið í ýmsar leiklistaræfingar og -leiki, einnig verður framkoma, framsögn og sjálfstraust eftt. Á námskeiðum A og C verður sett upp sýning þar sem blandað verður saman leiklist, tónlist og brúðuleikhúsi en á námskeiðum B og D verður unnið með tilfinningar og persónusköpun og í lokin sett upp sýning með afrakstri námskeiðsins.



LEIKGLEÐI 10 - 12 ÁRA

A) 9.-13. júní kl. 16:00-18:00 og B) 11.-15. ágúst kl. 14:30-16:30 (1 vika). Verð 3000 kr.

Á námskeiðunum læra nemendur helstu leiklistaræfingar og -leiki, þjálfast í framkomu og efla sjálfstraust. Í lokin verður sett upp sýning með afrakstri námskeiðsins þar sem blandað verður saman leiklist, tónlist og brúðuleikhúsi.

C) 16.-27. júní kl. 16:00-18:00 (2 vikur). Verð 5000 kr.

Á námskeiðinu verður farið í ýmsar leiklistaræfingar og -leiki, einnig verður framkoma, framsögn og sjálfstraust eftt. Á námskeiðinu verður æft og sett upp leikritið Hefðarkettirnir.



LEIKGLEÐI 13 - 16 ÁRA

14. júlí-23. ágúst kl. 16:30-19:30 (5 vikur) auk sýninga í ágúst/september. Verð 8000 kr.

Unnið verður með persónusköpun, spuna, framsögn, framkomu og sjálfstraust auk þess sem farið verður í trausts- og leiklistaræfingar. Á námskeiðinu verður unnið með söngleikinn Ýkt kominn yfir þig eftir Mark Ravenhill og verður hann sýndur í lok ágúst og byrjun september.



Kennarar verða Agnes Þ. Wild og Sigrún Harðardóttir



**Skráning í síma 866-6787
eða í tölvupósti leikdledi08@gmail.com**



Tombóla fyrir bágstadda í Búrma

Þessar tvær duglegu stelpur seldu á tombólu í Mosfellsbæ um daginn mikið af falletum leikföngum sem þær voru hættaðar að leika sér að. Þær söfnuðu samtals 6.000 kr. sem þær gáfu til Rauða kross Íslands. Peningarnir fara til Búrma til styrktar bágstöddum þar. Þær heita Þóra María Sigurjónsdóttir og María Sól Kristjánsdóttir.



Stofutónleikaröð Gljúfrasteins

Eins og undanfarin sumur verða tónleikar í stofunni á Gljúfrasteini alla sunnudaga í sumar. Fjölbreyttur hópur tónlistarmanna mun leika á stofutónleikaröðinni sem hefjast jafnan kl. 16. Halldór Laxness var sem kunnugt er mikill áhugamaður um tónlist og tónlistarflutning og stóðu þau hjónin gjarnan fyrir tónleikum á heimili sínu. Dagskrá sumarsins má finna á www.gljufirsteinn.is.

Nýr skjöldur á minningarstein við Arnartanga Skjöldurinn endurnýjaður

Nú líður senn að mikilli norrænni hátíð í Mosfellsbæ. Norrænt vínaþéttmót verður haldið hér 12.-13. júní, en tíu ár eru frá því Mosfellingar héldu síðast mót. Hingað koma um 170 erlendir þátttakendur, fullorðnir og unglingar. Heimamenn sem taka þátt eru um 70. Sjá nánar um mótið á www.mos.is.

Af þessu tilefni er rifjuð upp tilvera minningarsteins við Arnartanga. Steinninn ásamt tveimur fánastöngum er norðan við Arnartangann, við bílskúrana sem þar standa.

Raðhús fyrir Eyjamenn eftir gos

Steinn þessi var afhjúpaður við hátíðlega athöfn í ágúst árið 1977 af þáverandi forseta Finnlands, Urho Kekkonen. Hann er minnisvarði um höfðinglega gjöf í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum árið 1973; raðhúsin sem standa við Arnartanga. Þau voru sett upp fyrir íbúa úr Vestmannaeyjum sem misst höfðu húsnaði sitt í gosinu og neyddust til að flytja upp á land.

Kekkonen sagði m.a. í ræðu sinni: „milli Finnlands og Íslands hefur ætíð ríkt náð vináttusamband. Þrátt fyrir landfræðilega fjarlægð og ólíka tungu hefur það samband orðið sterkara með ári hverju. Finnsla þjóðin lítur á það sem sjálfsagða og eðlilega skyldu sína að gera allt sem

í hennar valdi stendur til aðstoðar vinum sínum á Íslandi í baráttunni gegn skaða hrauns og ösku.”

Nú verður rykið dustað af þessari góðu gjöf Finna. Endurnýjaður hefur verið áletraður skjöldur sem er á steininum. Fyrirhugað er að votta gefendum virðingu með því að flagga við steininn meðan vínaþéttmótið stendur og munu gestir mótsins mæta til að skoða minnismerkið og umhverfið.



Minningarsteinninn með nýja skildinum.



Forseti Finnlands, Urho Kekkonen afhjúpar minnisvarðann. Jón Guðmundsson hreppstjóri Mosfellsbæjar fylgist með. Myndin birtist í Morgunblaðinu 13. ágúst 1977



Viljayfirlýsing um gerð reiðvegjar

Mosfellsbær, Vegagerðin, reiðveganefnd Harðar og reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna hafa gert með sér viljayfirlýsingu um gerð reiðvegjar frá Reykjavegi að Hafravatni.

1. áfangi 2008, reiðvegur gegnum Völuteig, undirgöng undir Hafravatsveg og reiðgata upp fyrir Svartaklett að Skarhólabraut.
2. áfangi 2009, reiðvegur frá Skarhólabraut upp undir Úlfarsfellslíðar.
3. áfangi 2010, reiðvegur frá Úlfarsfellslíðum að Hafravatsvegi.

TIL SÖLU

Spóahöfði - neðri sérhæð

EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ



Til sölu 4ra herbergja neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, með fallettri aðkomu að neðri hæðinni. Íbúðin er 126,3 m², og skiptist í 3 rúmgóð svefnherbergi, lokað eldhús, stóra stofu, flott baðherbergi og sér þvottahús. Flísar og ljóst parket á gólfum. Íbúðinni fylgir 50 m² sérafnotaréttur af lóð í suðvestur. Flottur staður, golf, sund, gönguleiðir, skólar og líkamsrækt í göngufæri.

V. 32,9 m.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



TIL SÖLU

Byggðarholt - 131,5 m² raðhús

EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ



Mikið endurbætt og vel nýtt 131,5 m² endaraðhús á tveimur hæðum í mjög skemmtilegu hverfi. Á aðalhlæð er eldhús, stór stofa, forstofa og hjónaherbergi, en á neðri hæð eru 2-3 rúmgóð herbergi, baðherbergi m/kari og sturtu og hol. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta timburverönd í suðvestur. Topp staður, stutt í Varmáskólasvæðið sem og í miðbæ Mos.

V. 32,8 m.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is





MOSFELLSBÆR

SUMAR
2008

Leiklistarnámskeið!

Götuleikhúslistir fyrir 13-16 ára.
Leikgleðinámskeið fyrir 6-16 ára.
Upplýsingar á www.leikmos.is

Námskeið Gogga galvaska

Námskeið fyrir 6-9 ára á Varmárvelli
Dagana 2.-19. júní. Þrisvar í viku frá kl. 16-17. Skráning er hafin. frjalsar@afturelding.is

Reiðnámskeið!

Reiðskóli Berglindar.
Uppl. og skráning eftir kl. 16
í s: 899-6972 eða 566-6401.

Skólagarðar!

Upplýsingar á bæjarskrifstofunum í síma 525-6700.

Golfnámskeið!

Golfklúbbur Bakkakots
Verður með námskeið í sumar.
Uppl. hjá Einari í síma 696-3371
eða lyng@mi.is

Hreystinámskeið Eldingar!

Námskeið fyrir stelpur og stráka á aldrinum 10-13 ára.
Nánari upplýsingar hjá Höllu Heimis í síma 897-0108

Vinnuskóli Mosfellsbæjar!

Uppl. hjá Teiti í 566-6058

Knattspyrnunámskeið!

Afturelding verður með námskeið fyrir krakka fædda '93-'02.
Uppl. og skráning á skrifstofu Aftureldingar í síma 566-7089.

Sundnámskeið!

Kobba krókódíls og Hönnu hafmeyju.
Fyrir fimm ára krakka og eldri.
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni 566-6754.

Sumarnámskeið barna og unglinga sumarið 2008

Handboltaskóli!

Handknattleiksdeild UMFA verður með handboltaskóla í sumar. Fyrir krakka fædda 2002 og eldri. Nánari upplýsingar á www.afturelding.is þegar nær dregur.

Listanámskeið!

Ævintýrlegt námskeið í Álafoskvos fyrir 6-11 ára.
Uppl. og innritun 695-6694/566-8587. www.tomstundaskolinn.is

Ævintýranámskeið!

Skátafélagið Mosverjar.
Uppl. hjá Ingvaldi í síma 823-8089.
www.skatar.is/mosverjar

Myndlist og náttúra!

Sumarnámskeið hjá Myndlistarskóla Mosfellsbæjar. Fyrir börn á aldrinum 6-12 ár. Upplýsingar í síma 566-8710.

Leikjanámskeið!

Íþrótt og tómstundaskóli Mosfellsbæjar verður með þrjú námskeið í sumar.
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni í 566-6754.

Golfnámskeið!

Golfklúbburinn Kjölur með námskeið fyrir 7-13 ára. Uppl. í 566-7415.

Fimleikanámskeið!

Fimleikadeild UMFA verður með námskeið í sumar. Uppl. hjá Önnu Margréti 566-6280
annamargret@simnet.is

Sumarlestur!

Fyrir börn fædd 98-00 á Bókasafni Mosfellsbæjar.
16. júní-15. ágúst.
www.mos.is/bokasafn

Sundlaugin að Varmá

Opið í sumar:

Virka daga

6:15 - 21:30. Lengri opnun.

Helgar 9 - 18.

Kíkið við og slappið af í heita pottinum.

Góð aðstaða til að fara í sólbað.

Íþróttamiðstöðin Lágafell Sundlaug

Opið er virka daga frá kl. 6:30-21:30
og um helgar frá 8 - 21.

Heilsuakademían Lágafell!

verður með sund- og leikjanámskeið.

Uppl. og skráning í síma: 594-9666



FRÍSTUND 2008 - er komin út

Hægt er að nálgast eintak í þjónustuveri Mosfellsbæjar eða á www.mos.is

www.mos.is

Fjallahjólánámskeið!

Skátafélagið Mosverjar.
Uppl. hjá Ævari síma 696-5531.
www.skatar.is/mosverjar

Einar Páll Einarsson flugvélasmiður hefur smíðað um hundrað flugmódel og sex flugvélar á hálfri öld

Flugið er heillandi

Víð mæltum okkur mót í hlíðar-fæti Esjunnar, nánar tiltek-
ið á flugvælinum á Tungu-
bökkum. Er inn í flugskýli var
komið mátti sjá ýmis flugvélamódel
hangandi í loftinu en á miðju
gólfinu var stór grind af Piper Super
Cub flugvél í smíðum, við hana
stóð flugvélasmiðurinn Einar Páll
Einarsson.

„Ég fæddist í Reykjavík 16. mars
1947 og bjó í Bergstaðastræti til sex
ára aldurs“ segir Einar Páll er ég spyr
hann hvar hann hafi alist upp.

„Foreldrar mínir Einar Pálsson
fjaraskiptatækni-fræðingur og Guð-
laug Ágústa Valdimars húsmóðir
bjuggu í sama húsi og afi minn og
amma og það var yndislegt að fá
að vera í návist þeirra dagsdaglega.
Við erum þrjú systkinin, mér eldri
er bróðir minn Valdimar og yngri er
Hildur systir mín en við búum öll í
Mosfellsbæ í dag.“

Afi kenndi réttu handtökin

„Afi minn, Páll Magnússon, var
járnsmiður og var með sitt eigið verk-
stæði heima. Ég var mikið að sýsla
í kringum afa og hann kenndi mér
að smíða úr járn. Ég man að hann
var mjög ákveðinn við mig því hann
vildi að ég lærði handtökin rétt.“

Afi var á margan hátt sérstakur
maður, hann var til að mynda aldrei
í vinnugalla eða með svuntu á verk-
stæðinu.

Hann fór í jakkafötum með
klukku í keðju, var með slífsi og setti
á sig hatt. Fötin hans urðu aldrei skit-
ug, einungis hendur hans og þessi
minning situr mikið í mér“ segir Ein-
ar er hann hugsar til baka.

Flugvöllurinn minn leikvöllur

„Frá Bergstaðastrætinu fluttum
við vestur í bæ á Lynghagann. Það
má eiginlega segja að frá sjö ára
aldri hafi Reykjavíkurlugvöllur ver-
ið minn leikvöllur. Þangað hjólaði
maður til að fylgjast með öllu því
sem var að gerast og hafði mikið
gaman af. Þar kviknaði áhugi minn
á flugvélum fyrir alvöru. Pabbi



MOSFELLINGUR

hafði alla tíð mikinn áhuga á flugvél-
um og hann gaf mér fyrsta flugvéla-
módelið mitt en þá var ég sex ára
gamall. Ég hef átt ansi mörg módel
síðan í hinum ýmsu stærðum og
gerðum“ segir Einar hlægjandi.

Einstæður faðir

„Ég gekk í Hagaskóla og þar kynnt-
ist ég tilvonandi konu minni Eddu
Steinunni Erlendsdóttur og við gift-
um okkur árið 1970. Ég hóf nám í
rafvirkjun í Iðnskólanum í Reykjavík
og útskrifaðist þaðan árið 1968.“

Við hjónin fluttum í Mosfellsbæ-
inn 1980, við eignuðumst tvo drengi
þá Erlend Jón og Steingrím Óla, en
síðan skildu okkar leiðir.

Síðar kynntist ég barnsmóður
minni Hrafnhildi Kristínu Kristjáns-
dóttur og við eignuðumst einn son
Kristján Þór. Hrafnhildur lést úr
krabbameini árið 1995 er sonur okkar
var sex ára og það var ansi erfiður
tími. Aldrei í lífinu hefði það hvarfl-
að að mér að ég ætti eftir að verða

einstæður faðir segir Einar alvarleg-
ur á svip. Síðan þá höfum við feðgar
búið saman og gerum enn.“

Hjá sjónvarpinu í 30 ár

„Ég hætti í rafvirkjuninni árið
1973 og hóf störf hjá Ríkissjónvarpi-
nu. En hvernig kom það til? Ég hef
alltaf haft mikla myndadellu og
þekkti mann sem vann í leikmynda-
deildinni. Hann sagði mér að það
hefði losnað starf og hvatti mig til að
sækja um sem ég og gerði.“

Ég byrjaði að vinna sem aðstoðar-
maður í ljósadeild en síðar losnaði
myndatökustarf sem ég sótti um og
fékk. Ég vann við myndatökurnar til
ársins 2000, svo að í heildina var ég
tæplega 30 ár hjá sjónvarpinu.“

Frá RÚV til Atlanta

„Eftir að ég varð einstæður faðir
hafði ég ekki tök á að vinna lengur
vaktavinnu svo ég hóf störf hjá flug-
félaginu Air Atlanta hjá þeim ágætu
hjónum Arngrími og Þóru. Þar vann
ég við hin ýmsu störf og naut þess að
geta unnið hér í mínum heimabæ
þar sem fyrirtækið var staðsett.“

Löngu áður en ég hóf störf hjá At-
lanta hafði ég keypt mér flugvél sem
hafði skemmst og dundaði ég við
að gera hana upp í 14 ár. Arngrímur
fékk fregnir af þessu og kom einn

daginn til mín og spurði mig hvernig
gengi með vélina og ég sagði við
hann að það gengi nú frekar hægt en
vélín myndi nú klárast á endanum.
Hann var svo elskulegur að hann
bauð mér aðstoðu í skýlinu hjá sér
hér á Tungubökkum og fyrir það hef
ég verið afskaplega þakklátur og hér
hef ég verið síðan.“

Hefur smíðað sex flugvélar

„Þú ert flugvélasmiður, hefur þú
aldrei viljað læra að fljúga?“ „Nei,“
segir Einar Páll ákveðinn, „það er
svo merkilegt að miðað við það að
vera innan um allar þessar flugvélar
alla daga þá hefur mig aldrei langað
til að fljúga þeim, ég hef eingöngu
áhuga á tækinn.“

„Hvað hefur þú smíðað margar
flugvélar?“ „Ég hef smíðað sex vél-
ar og þær eru allar fljúgandi“ segir
Einar Páll stoltur á svip. „Þetta er
atvinna mín í dag og ég nýt þess í
botn sem ég er að gera dagsdaglega.
Nú er ég að smíða módel af fyrstu
flugvélinni sem kom til Íslands árið
1919. Mig langar til að geta klárað
hana á næsta ári því þá eru liðin 90
ár frá fyrsta flugi á Íslandi, eina sem
mig vantar eru fleiri klukkutímar í
sólarhringinn“ segir Einar Páll bros-
andi og heldur áfram að smíða.

Myndir: Ruth Örnólfs, RAX og úr einkasafni



Feðgarnir Kristján Þór, Steingrímur Óli, Einar Páll og Erlendur Jón.



Flugvélasmiðurinn ásamt hluta af afrakstri sínum í gegnum árin.



Gróðursetning í Blikahöfða

Það eru margir sem nota veðurbliðuna til að gróðursetja. Íbúar í Blikahöfða 1 skiptu á dögnum út Hreggstaðavísði fyrir viðju í sameiginlegum garði. Viðjuna fengu þau í Gróðrastöðinni Gróanda í Mosfellsdal. Gróðursettar voru tæplega 200 plöntur auk þess sem skipt var um jarðveg og dugði ekki minna en 8 rúmmetrar af mold í verkið.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkornustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF



VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



SUMARTILBOÐ

Í HEILSURÆKT OG BAÐSTOFU

30% afsláttur á þriggja mánaða kortum
Gildir til 10. júní

Hlaupa- og gönguhópar í sumar

Hlaupaæfingar verða á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 17:30 og á laugardögum klukkan 10.

Á laugardögum verður lögð áhersla á lengri hlaup í Mosfellsbæ og víðar.

Gönguhópur verður á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30.

Mæting fyrir utan Íþróttamiðstöðina í Lækjarhlíð og World Class hress og kát að vanda.

Barnagæslan í sumar

Athugið breytingar á opnunartímum barnagæslunnar frá 1. júní

Mánud. og miðvikud.	kl. 08:10 – 11:00 og 17:10 – 19:30
Fimmtudaga	kl. 17:10 – 19:30
Föstudaga	kl. 08:10 – 11:00

NÝ STUNDATAFLA Á
WWW.WORLDCCLASS.IS



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS



OPIÐ: virka daga 11:00-18:00
og eftir samkomulagi

gsm 894 1825 www.simnet.is/essinn essinn@simnet.is

ALHLIÐA
INNROMMUN

MERKING OG
MYNDA SAUMUR

GJAFAVÖRUR Í
ÚRVALI

Halldór B. Ívarsson samfélagsfræðikennari í Varmárskóla var heiðraður af forseta Íslands

Halldór hlýtur íslensku menntaverðlaunin

„Þetta er mikil viðurkenning og heiður fyrir mig og hvatning til að gera betur.“ sagði Halldór þegar hann hafði nýtekið við viðurkenningu í flokki ungra kennara. Íslensku menntaverðlaunin voru afhent í vikunni við hátíðlega athöfn í Lágafellsskóla.

Verðlaun í fjórum flokkum

Íslensku menntaverðlaunin eru einkum bundin við grunnskólastarfið og eru veitt í fjórum flokkum:

1. Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi
2. Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað fram úr.
3. Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.

Nýtir sér upplýsingatæknina

Halldór B. Ívarsson lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og námi til kennsluréttinda frá Háskólanum á Akureyri árið 2003. Halldór hefur kennt við Varmárskóla í Mosfellsbæ frá árinu 1999. Halldór



Ólafur Ragnar í Lágafellsskóla ásamt krökkum úr Mosfellsbæ.

kennir einkum samfélagsgreinar í efstu bekkjum skólans og sinnir einnig félagsstarfi nemenda.

Í umsögn dómnefndar segir: „Halldór er hugkvæmur kennari. Hann nýtir upplýsingatæknina sérlega vel við kennslu sína og hefur útbúið af kunnáttu og vandvirkni námsvefi þar sem er að finna gagnvirkir efni sem eflir skilning nemenda á viðfangsefnum þeirra. Þessa vefi geta aðrir skólar nýtt sér. Það sýnir að Halldór er fús til að deila verkum sínum með öðrum og sýna þannig í verki sameiginlega ábyrgð kennara á að efla skólastarf í þágu nemenda. Halldór er metnaðarfullur kennari sem ber ómælda virðingu fyrir nemendum sínum og hvetur þá til



Halldór til hægri ásamt föður sínum Ívari við afhöfnina í Lágafellsskóla.

dáða. Hann er í senn kröfuharður og sanngjarn og tekur tillit til mismunandi hæfni nemenda og áhuga-sviða.“

Verðugur fulltrúi ungra kennara

„Halldór nýtur virðingar og trausts samstarfsmanna, ekki síst fyrir hæfileikann til að setja sig í annarra spor og leita sameiginlegra lausna á viðfangsefnum.“

Halldór er verðugur fulltrúi ungra kennara með eljusemi leggur hann alúð við sérhvert verk með hag og velferð nemenda að leiðarljósi.“

Halldór heldur úti heimasíðu á netinu fyrir nemendur sína sem



Ólafur Ragnar forseti Íslands og Haralður bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

hægt er að finna á slóðinni www.samfelagsfr.is. Halldór verður 35 ára eftir tvær vikur, þann 20. júní.



Starfsfólk Varmárskóla var stolt af Halldóri samkennara sínum.

TIL SÖLU

Litlikriki - fjölbýlishús

 **EIGNAMIÐLUN**
Mosfellsbæ



NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá sölu 7 íbúðir í mjög glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi sem nú er í byggingu við Litlakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru 3ja - 5 herbergja og fylgir sumum íbúðum BÍLSKÚR í kjallara. Íbúðirnar verða með eikarinnréttingu frá EGG og afhendast fullbúnar, án gólfena í september 2008.

Verð frá 25,2 milljónum.

Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



TIL SÖLU

Reykjabyggð - nýtt á skrá

 **EIGNAMIÐLUN**
Mosfellsbæ



Glæsilegt og velbyggt 144,- fm einlyft einbýlishús ásamt 53 fm bílskúr sem er nýttur að hluta sem íbúðarrými. Undir bílskúrnum öllum er kjallari 53 fm. Húsið er því alls 250 fm. Húsið stendur á 860 fm verðlaunalóð inn í lokuðum botnlanga. Lóðin er með stórra verönd, heitum potti, stórra hellulagðri upphitaðri innkeyrlsu, grasflöt og fallegum trjágróðri. Húsið er mjög stílhreint með myndarlegum svörtum þakkanti en veggir eru hraunaðir og hvítmálaðir.

Verð 65 m.

Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is





Starfsfólk Texture. Guðrún Ólafía, Adda Stína, Inga, Gunnhildur, Inga Birna, Olga og Ingvar.

Starfsfólk hárstofunnar Texture á leið á árshátíð Líf og fjör á Texture

Árshátíð hárgreiðslumeistara og -sveina fór fram á Gullhömrum þann 19. apríl. Fríður hópur fimm hárgreiðslustofa hittist í fordrykk á hárstofunni Texture í Háholti. Eins og sjá má á myndunum voru allir í hátíðarskapi. Texture var stofnað í ársbyrjun 2004 og fer ört stækkandi.



Sumarnámskeið í Álafossskuos

Ævintýralegt námskeið fyrir börn 6-11 ára, 16.-27. júní kl. 9-12.

Vinsæla ævintýranámskeiðið verður nú haldið fjórða árið í röð. Myndlist, heimspeki, leikbrúðugerð, leirmótun, tónlist, dans, útivera, dagsferð í Hvalfjörð.

Umsjón og skipulagning námskeiðs: Helga Jóhannesdóttir myndlistarkona og kennari. Kennarar: Helga Arnalds, brúðugerð; Jón Thoroddsen, heimspeki og myndlist; Berglind Björgúlfsdóttir, dans og tónlist og Helga Jóhannesdóttir, leirlist og myndlist. Námskeiðsgjald kr. 21.000.-

Stuttmyndagerð fyrir 10-13 ára, 9.-13. júní kl. 14-16:30.

Farið er í gerð handrita stuttmyndir. Notkun klippiforrita sýnd og aðferðir við myndatöku. Nemendur fá eintak af verkefni námskeiðsins á DVD.

Kennari: Steindi jr. Námskeiðsgjald kr. 14.000.-

Stuttmyndagerð fyrir 14-16 ára, 9.-13. júní kl. 16:30-19

Kennari: Steindi jr. Námskeiðsgjald kr. 14.000.-

Ljósmyndun fyrir börn 10-13 ára, 9.-13. júní kl. 9-11

Kennd eru grunnatriði í stafrænni ljósmyndun og búin til myndamappa í lok námskeiðs.

Kennari: Magnús Már Haraldsson. Námskeiðsgjald kr. 11.000.-

Upplýsingar og innritun í s.6956694 og á heimasíðu skólans www.tomstundaskolinn.is



Heilsuakademían kynnrir



Sund- og leikjanámskeið í Íþróttamiðstöðinni Lágafelli, Mosfellsbæ

Heilsuakademían stendur fyrir sund- og leikjanámskeiði í Íþróttamiðstöðinni Lágafelli í Lækjahlíð Mosfellsbæ í sumar. Námskeiðið er fyrir hressa krakka sem vilja læra að synda og stunda aðrar íþróttir.

Námskeiðið samanstendur af sundkennslu undir stjórn menntaðra kennara, íþróttum, leikjum og fræðslu um heilbriggt lífni sem og mikilvægi hollrar fæðu. Í lok hvers námskeiðs verður haldin grillveisla þar sem allir fá afhend viðurkenningarskjöl!

Dagsetningar:

9. júní – 20. júní
23. júní – 4. júlí
7. júlí – 18. júlí
21. júlí – 1. ágúst
5. ágúst – 15. ágúst

Verð:

Fyrir hádegi: 8.900 kr.
Eftir hádegi: 9.900 kr. (Sund)
Allan daginn: 15.900 kr.
Veittur er 20% systkinaafsláttur.

Aldur:

5-7 ára og 8-11 ára

Tími:

Hægt er að vera hálfan daginn frá kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00 eða allan daginn frá kl. 9:00-16:00. Gæsla er í boði á milli kl. 8:00-9:00 og 16:00-17:00 gegn auka gjaldi (2.000 kr. greiðist einu sinni).

Skráning:

Skráning í síma 594-9666. Greiðsla fer fram við skráningu. Foreldrar eru hvattir til að skrá börn sín tímanlega þar sem takmarkaður fjöldi kemst á hvert námskeið.

*Athugið að sundkennslan fer fram eftir hádegi.





Knattspyrnuveisla á Tungubökkum

Landsbankamót Aftureldingar fór fram um síðustu helgi. Keppt var í 6., 7. og 8. flokki stráka og stelpna. Umgjörðin um mótíð var hin glæsilegasta og börn jafnt sem fullorðnir skemmtu sér konunglega.



Góður árangur í samkvæmisdönsum

Nokkur pör úr Mosfellsbæ tóku þátt í Íslandsmeistamóti í samkvæmisdönsum sem fram fór í maí. Brynja Hlíf Hjaltadóttir og Harpa Sigríður Bjarnadóttir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu mótíð. Í öðru sæti voru einnig stúlkur úr Mosó, þær Andrea Sigurðardóttir og Lydíá Sólmundsdóttir



Afturelding og Namo með samstarfssamning

Nýir félagsgallar

Afturelding og Namo hafa gert með sér samstarfssamning um nýjan félagsgalla Aftureldingar fyrir næstu þrjú árin. Aftureldingargallinn sem fyrir var er orðinn þriggja ára og kominn tími til endurnýjunar. Samt sem áður verður hann fullgildur félagsgalli Aftureldingar út árið 2008. Nýi gallinn er til sölu hjá Namo heildverslun í Guðríðarstíg 6-8, Grafarholti og kostar barnagallinn kr. 6.850 og fullorðinsgalli kr. 8.490. Í samningnum felst að Afturelding skaffar öllum þjálfurum félagsins nýja félagsgallann þeim að kostnaðarlausu.

Hjólin farin að snúast hjá MotoMos

Í maímánuði var fyrsta þolakstursmót sumarsins haldið í Bolöldum á Sandskeiði. Mosfellingum gekk vel og voru þeir framarlega í öllum flokkum. Rúmlega 150 keppendur mættu til leiks og keyrðu eftir erfiðri torfærri braut. Keppt var í tveimur mismunandi deildum. Annars vegar Baldursdeild, sem er keppni fyrir byrjendur og styttra komna og ekið í tvisvar sinnum 45 mínútur. Hins vegar meistaradeild þar sem ekið er í tvisvar 90 mínútur. Meistaradeild er skipt í E1, E2 og E3 eftir vélastærð og tvímenning, þar sem eins og nafnið gefur til kynna, tveir taka sig saman og skiptast á að keyra. Árangur okkar Mosfellinga í verðlaunasæti var eftirfarandi: Baldursdeild annað sæti, Kjartan Gunnarsson #274; meistaradeild, tvímenningur fyrsta sæti Ásgeir Eliasson #277; meistaradeild over all, fyrsta sæti Valdimar Þórðarson #270; annað sæti Einar Sv. Sigurðsson #1; E1 fyrsta sæti Gunnlaugur Karlsson #111; E2, fyrsta sæti Valdimar Þórðarson #270; annað sæti Einar Sv. Sigurðsson #1 og E3 annað sæti Einar Bragason #38. Fleiri Mosfellingar tóku þátt og stóðu sig með þryði. Næsta keppni er um næstu helgi á Akureyri.



Allt komið á fullt í fótboltanum

Bæði karla- og kvennalið Aftureldingar ætla sér stóra hluti í boltanum í sumar. Í vikunni töpuðu stelpurnar naumlega fyrir Íslandsmeisturum Vals 0-1 og strákarnir töpuðu einnig í bikarnum fyrir Víking 0-1. Næsti heimaleikur stelpnanna er á morgun, laugardag, kl. 14 gegn HK/Víkingi. Strákarnir spila á þriðjudagskvöld kl. 20 gegn Hetti. Stofnað hefur verið stuðningsmanna-félag og stemmningin á heimaleikjum hefur aldrei verið betri. Á myndinni má sjá Rannver, mann leiksins í fyrsta heimaleik sumarsins, taka við viðurkenningu úr höndum Péturs Magnússonar.



Knattspyrnuskóli Aftureldingar

9. júní - 20. júní - EM námskeið

23. júní - 4. júlí - Sambanámskeið

7. - 18. júlí - Meistaradeildarnámskeið

21. - 31. júlí - Sláin inn - námskeið

Ungir sveinar

Að loknum kappleik á milli ungra og aldinna liðsmanna UMFUS.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Guðríðarstíg 6-8
113 Reykjavík



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is





www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729



Bæjarhátíðin „Í túninu heima“ verður haldin dagana 29. – 31. ágúst.

Öllum fyrirtækjum, félagasamtökum, klúbbum, einstaklingum sem áhuga hafa á að kynna starfsemi sína fá sýningarbás sér að kostnaðarlausu í Íþróttahúsinu að Varmá á meðan hátíðin stendur yfir.
Tilkynnið þátttöku strax !

dadithor@internet.is, s. 663-9225.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729



17. júní hátíðarhöld í Mosfellsbæ

Kl. 11 Hátíðarguðþjónusta í Lágafellskirkju.

Kl. 13 Hátíðarhöldin hefjast á nýja bæjartorginu og verða síðan leidd með skrudgöngu af skátunum niður að Hlégarðstúni. Þar verður fjölskyldudagskrá með hinum ýmsu atriðum.

Kl. 16 Sterkasti maður Íslands

Kl. 19:30 Fjölskyldutónleikar.

Sölutjöld, andlitsmálun, tívolí og leikir.

Nánari dagskrá kynnt síðar.

TIL SÖLU



EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ

Fálkahöfði - 4ra herb.



121,9 m², 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með sérinngangi og sérgarði ásamt 29,2 m² bílskúr í góðu fjölbýlishúsi við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin er björt og rúmgóð með stórum herbergjum, stofu, borðstofu, eldhúsi sem er góð góðum borðkróki, baðherbergi sem er baðkeri og sturtuklefa og sér þvottahúsi. Mjög gott aðgengi er að íbúðinni og gengt íbúðinni er bílskúrin.

Verð 32,8 m.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærsted, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is





Kristinn formaður Lionsklúbbsins afhendir Jórinni og Birgi viðurkenninguna.

Birgir D. Sveinsson fyrrum skólastjóri heiðraður Lions heiðrar Birgi

Á morgunverðarfundi Lionsklúbbs Mosfellsbæjar á sumardaginn fyrsta þann 24. apríl veitti klúbburinn Birgi D. Sveinssyni, fyrrverandi skólastjóra, Melvin Jones viðurkenningu.

Fyrir flesta Mosfellinga þarf ekki að fara mörgum orðum um störf Birgis í bæjarfélaginu en auðvitað bera þar hæst störf hans sem kennari frá 1960 og svo skólastjóri Varmárskóla 1983-2000. Árið 1963 byrjaði Birgir að kenna nokkrum drengjum að blása í lúðra. Úr því varð drengja hljómsveit en stúlkurnar fengu gítarkennslu. Lúðrasveitin fékk síðar nafnið Skólahljómsveit Mosfellsbæjar. Eiginkona Birgis, Jórunn Árnadóttir, hefur stutt dyggilega við bakið á honum í þessu starfi og óhætt er að segja að allt frá stofnun hljómsveitarinnar hafi þetta verið þeirra áhugamál númer eitt, tvö og þrjú. Þau skipta þúsundum börnin sem fengið hafa sína fyrstu tónlistarreynslu á þeim vettvangi og fjölmörg þeirra hafa síðan farið í framhalds-

nám í tónlistarfræðum.

Tilnefning Melvin Jones féлага er æðsta viðurkenning innan Lionshreyfingarinnar sem klúbbar geta notað til að heiðra féлага sína fyrir vel unnin störf.

Það eru þó ekki eingöngu Lionsfélagar sem fá slíka viðurkenningu. Klúbbar hafa í einstaka tilfellum tilnefnt aðila utan sinna raða. Þetta er þó mjög sjaldgæft og þá eingöngu gert ef klúbbar telja einhverja hafa unnið þrekvirkni, byggðarlagi sínu eða þjóð til heilla. Að mati féлага Lkl. Mosfellsbæjar á þetta einmitt við um Birgi. „Okkur er það mikil ánægja að veita Birgi viðurkenninguna og sýna honum þannig þakklæti okkar fyrir hans óeigingjarna starf í þágu barna og unglinga í Mosfellsbæ,” segir Kristinn Hannesson formaður Lionsklúbbsins.

Birgir bætist nú í hóp örfárra einstaklinga sem fengið hafa þessa viðurkenningu utan raða Lionsmanna og er sá fyrsti sem Lkl. Mosfellsbæjar tilnefnir utan klúbbsins.

Blómlegt skólastarf – spennandi tímar í Mosfellsbæ

Skólastarf í Mosfellsbæ er í miklum blóma, grunn- og leikskólar bæjarins hafa lagt fram starfsáætlanir sínar og þar birtist metnaðarfullt uppeldis- og skólastarfsstarfsmanna og nemenda. Framundan eru spennandi tímar í skólastarfi. Alþingi hefur samþykkt ný lög um leik- og grunnskóla. Óvissu í kjaramálum kennara hefur verið eytt með nýjum kjarasamningum og stuðningur er í öllu samfélaginu að bæta kjör kennara.

Fyrirhugaðar eru byggingar þriggja nýrra grunnskóla í bænum, Leirvogstunguskóla, Helgafellsskóla og Krikaskóla. Undirbúningur við byggingu Krikaskóla er í fullum gangi. Bæjarráð samþykkti í síðasta mánuði að ráða Þrúði Hjelm sem skólastjóra Krikaskóla. Það kemur í hennar hlut að móta enn frekar og útfæra „Bræðinginn“ svokallaða í samráði við skólafyrirvöld og höfundu „Bræðingsins“. „Bræðingur“ þessi byggir m.a. á eins og segir í umsógn dómnefndar að „skólastefnan er kenningarlega vel undirbyggð og setur skóla og einstaklinga í eftirtektarvert sambandi við nærsamfélag og samfélagið yfirleitt, með skírskotun til veruleika nútíðar og framtíðar og áherslu á að litlar pollagallamanneskjur í litlum skóla geta breytt heimsmynd mannanna, ef umgjörðin býður upp á það.

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað, lýðræðismiðað og merkingarbært nám, þar sem virkni nemenda sé forsenda þess að nám verði merkingarbært og áhersla lögð á að þekkingarleit sé verklegt ferli“. Sú leið sem var farin varðandi útfærslu á Krikaskóla hefur vakið mikla athygli hér á landi enda verið að fara nýjar og ótroðnar slóðir þar sem teymi



fagfólks, hönnuða og skólafólks vann saman tillögur um hugmyndafræði nýs skóla sem tæki mið af uppeldis- og skólastarfi og hönnun bygginga.

Hægt er að kynna sér hönnun Krikaskóla á heimsíðu Arkiteó, www.arkiteo.is.

is og hugmyndafræði skólans á heimsíðu hans www.krikaskoli.is. Hugmyndafræði og hönnun Krikaskóla veitir okkur einstakt tækifæri til nýsköpunar í skólastarfi og er vel til þess fallin að gera skólann einstakan í sinni röð. Ráðgert er að skólastarf í Krikaskóla hefjist í bráðabirgðahúsnæði á skólalóð Helgafellsskóla á næstu vikum fyrir börn á leikskólaaldri. Fullbyggður mun Krikaskóli hýsa börn á aldrinum 1-9 ára.

Ástæðan fyrir því að bráðabirgðahúsnæðinu var valin staður í færanlegum kennslustofum á skólalóð Helgafellsskóla er vegna mikils umróts í tengslum við hringtorgsgerða við innakstur í Krikahverfi ásamt því raski sem kann að skapast við byggingu sjálfs Krikaskóla.

Staðsetning bráðabirgðahúsnæðisins var vandlega valin og kynnt og samþykkt einróma í fræðslunefnd enda svæðið einstaklega fallett og rúmt um skólann svo ekki sé minnst á tengslin við náttúruna sem er einstök.

Með ósk um gleðilegt sumar.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, fulltrúi D-lista í fræðslunefnd

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 27. JÚNÍ

TIL SÖLU



EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ

Lindarbyggð - fallett hús



Mjög fallett og snyrtilegt 177,1 m² parhús með bílskýli við Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Þetta er fallett og skemmtilega hannað parhús, teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið stendur í lokuðum botnlanga í mjög fallettri götu (verðlaunagata árið 2002) í Mosfellsbæ.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



TIL SÖLU



EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ

Klapparhlíð - 5 herb.



NÝTT Á SKRÁ* 112,6 m², 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu þriggja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 28 í Mosfellsbæ. Góð stofa, eldhús með borðkrók, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, 4 svefnherbergi og geymsla. Mahony innréttingar í eldhús, baði og svefnherbergjum. Frábær staður stutt í Lágafellsskóla svæðið. Flott útsýni til suðurs og austurs.

Verð 29,4 m.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



Hjólað í vinnu

Nú er átakið „Hjólað í vinnu“ búið. Mosfellsbærinn lenti í 28. sæti af 36 sveitafélögum. Ekki beinlínis glæsilegt. En þegar við skoðum aðstæðurnar til hjólræða hér í bæ þá er þetta ekki skrítið. Ég verð að vísu að segja bæjaryfirvöldunum til lofs að sumt sem ég benti á í fyrra í sambandi við hjólræðar er búið að laga og er það vel.



andi og gangandi fólk lendir í frekar mikilli umferð á stuttum kafla og enginn leið þarna um nema á akbrautinni.

Nýlega fór ég þrjú miðvikudagskvöld í röð í skógræktina í Hamrahlíð til að vinna þar í skóginum. Auðvitað hjólaði ég þetta, enda mjög stutt að fara. En þangað liggur engin leið nema eftir Vesturlandsveginum. Sorglegt! Þetta er flottasta útivistarsvæðið í Mosfellsbænum og aðeins aðgengilegt á bíl.

Með bætum og hentugum hjólræðaleiðum myndu miklu fleiri hjóla hér innanbæjar og jafnvel lengra því reiðhjólið er frábært samgöngutæki mest allan ársins hring.

Úrsula Jónmann

En betur má ef duga skal. Stígarnir eru flestir mjög ósléttir, gróður og steinar eru að troðast víða í gegn. Það eru fáar beinar leiðir, stöðugt er ætlast til að maður fari upp og niður gangstéttir og í 90° beygjur. Glerbrot eru því miður mjög algeng sjón á stígum og mætti senda kústbílinn af stað svona annað slagð.

Svo hefur skipulagsyfyrvöldunum dottið nýlega í hug að setja slár hér og þar þvert yfir stígana. Ekki skil ég tilganginn með þessu. Hvernig gengur t.d. hjólræðamönnum með barnakerru aftan á að komast þarna í gegn? Eða fólk í hjólastól? Eða fólk með tvíbreiðan barnavagn? Ef þetta á að hefta torfæruhjólamenn sem hafa stundum misnotað stígana þá er þetta ekki rétta leiðin, þeir fara bara út fyrir stíginn.

Slæmt dæmi þess að aðeins er hugsað um bílaumferð er hjólræðin um Teigahverfið. Þarna breytist stígurinn allt í einu í umferðargötu, hjól-



Mánudaga: lokað
Þriðjudaga-fimmtudaga: 17-01
Föstudaga og laugardaga: 13-03
Sunnudaga: 13-01

Opið

allan sólarhringinn



Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellsbæ, Reykjavíkurvegi Haf, og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bilaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! Sími 544 4540

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

• NÝJRI HLUTIR
• VIÐTÆRIMAR
• BREMSUKLOSSAR

• TÍMAREIMAR
• SMURSIJUR
• PERUR

• KERTI
• HREINSIEFNI
• OLJUR



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



PÖNTUNARSÍMI:
566 6090

TIL SÖLU



EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ

Furubyggð - parhús



Stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs. Mjög falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílplan er hellulagt og garður er afgirtur og falleg timburverönd fyrir framan stofuna. Þetta er falleg eign í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ. **Verð 41,6 m**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



TIL SÖLU



EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ

Leirutangi - 92 m2 sérhæð



Fallega 92 m2 neðri sérhæð í litlu fjórbyli við Leirutanga. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og rými sem er gluggalaust en vel loftræst en það skiptist í gott herbergi, leikrými og geymslu. **Verð 21,5 m**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



Heyrst hefur...



...að leikfangbúðin Leikbær í Mosanum sé hætt.

...að mikil fjölgun sé á meðal Bólfélaga. Edda Davíðs er búin að eignast sitt annað barn sem og Guðrún og Jói. Atli Búko er farinn að bíða eftir sínu öðru barni líka.

...Jói Kryddbrauð sé að baka "orginal" kryddbrauðin á Gullöldinni með Sigga Bóbó.

...að Mosfellsdalur logi í deilum eftir að skít var sturtað í ána og setti svip sinn á lífríkið.

...að hljómsveitin Light Speed Legend hafi rokkað gegn rasisma á dögnum. Sveitin er skírð í höfuðið á Lalla ljóshraða en Andrés sonur hans er einn forsprakka sveitarinnar.

...að Sigurroß sé búin að selja stúdíóið sitt, Sundlaugin á Kvossinni. Ný plata með þeim kemur út þann 23. júní og heitir „Með suð í eyrum“.

...að Pizzabæjarstjórinn Siggi Valli sé hættur að baka pizzur og sé að fara selja bíla.

...að María og Ágúst hafi gift sig um síðustu helgi.

...að kynnar á fyrsta heimaleik Aftureldingar hafi fengið aðvörðun frá aðstoðardómar eftir 20 mín.

...að báðir fótballþjálfarar meistarflokks kvenna séu á föstu með leikmönnum liðsins.

...að skólafestna Krikaskóla sé stolin.

...að Bingi og Lotta gifti sig á morgun.

...að Hljómurinn sé aftur kominn á stjá eftir nokkra mánaða pásu.

...að Sálín sé í Hlégarði í kvöld.

...að Kvennahlaupið sé á morgun, eldri konur "hlupu" í gær.

...að Nína Björk, íþróttakona Aftureldingar sé ólétt.

...að Bubbi Morthens ætli að gifta sig í Reynivallakirkju í Kjós á morgun. Veislan fer svo fram í Félagsgarði.

...að Hreiðar og Elísabet sem tóku þátt í Hæðinni gifti sig á morgun.

...að heppinn Mosfellingur hafi keypt lottómiða í Snælandi sem skilaði 10 milljóna króna vinningi.

mosfellingur@mosfellingur.is



Heklurnar eru „kórinn sem bakar ekki“

Kvennakór á landsmóti

Í apríl tók kvennakórinn Heklurnar í Mosfellsbæ í fyrsta skipti þátt í Landsmóti íslenskra kvennakóra, sem var haldið á Höfn í Hornafirði. Landsmótið tókst með afbrigðum vel, en þar komu saman meira en 400 konur, tóku þátt í vinnusmiðjum um tónlist af ýmsu tagi og héldu tvenna tónleika. Þátttakan í landsmótinu var stærsti viðburður kvennakórsins í vetur, en kórinn hélt auk þess opna æfingu í Lágafellskirkju um miðjan maí og söng fyrir gesti Bergmáls á Sólheimum í Grímsnesi í lok maí.

Í landssambandi kvennakóra

Kvennakórinn Heklurnar er lítil kór sem var stofnaður í febrúar árið 2003. Kórinn er til heimilis í Mosfellsbæ, en félagar koma einnig úr ýmsum öðrum bæjarfélögum, allt frá Reykjavík og upp í Kjós. Stjórnandi kórsins hefur frá upphafi verið Björk Jónsdóttir söng-

kona. Heklurnar kalla sig „kórinn sem bakar ekki“ því að í lögum kórsins er kveðið á um að ekki sé stunduð fjáröflun af neinu tagi. Þess í stað greiða kórkonur mánaðargjald, sem stillt er í hóf og að auki nýtur kórinn styrks frá Mosfellsbæ, eins og fleiri kórar í bænum. Á síðasta ári gengu Heklurnar í Gígjuna, landssamband íslenskra kvennakóra.

Laust fyrir áhugasamar konur

Heklurnar hafa aðstöðu til æfinga í sal Varmárskóla á Þriðjudagskvöldum kl. 20-22 á Þriðjudagskvöldum.

Kórinn tekur sér frí yfir sumarið, en fyrsta æfing í haust verður 9. september. Laustpláss er fyrir áhugasamar söngkonur í öllum röddum. Upplýsingar veitir formaður kórsins: Bjarney Magnúsdóttir í síma 844-9530. Heimasiða Heklnanna er www.heklurnar.blogcentral.is.



Útitónleikar í Álafosskvosinni

Laugardaginn 14. júní verða haldnir útitónleikar í Álafosskvosinni, í tilefni af fánadeginum. Þar munu koma fram ungir og efnilegir hljómsveitir og tónlistarmenn. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og standa til kl. 20. Komið verður fyrir sviði fyrir neðan setstallana þar sem gamla útileikhúsið var.

Markmið með tónleikunum er að gefa unga fólkinu tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri innan Mosfellsbæjar.

Allir þeir sem áhuga hafa á að koma fram á útitónleikunum geta haft samband við Birtu í síma 660-7668 eða Berglindi 660-7661. Einnig eru allar ábendingar um hlugaverða unga listamenn vel þegnar, til að mynda popparar, rapparar, dansarar, ljóðskáld og uppstandarar. Tónleikarnir eru samvinnuverkefni íbúa í Álafosskvos, Ásgarðs handverkstæði, Mosfellsbæjar og Varmársamtakanna. Ókeypis er á tónleikana.

Í eldhúsinu

HJÁ SIF

Kjúklingasúpa

Sif Davíðsdóttir, förðunarfræðingur færði okkur þessa ljúffengu uppskrift. „Þessa uppskrift fékk ég hjá mömmu vinkonu minnar, henni Guðbjörgu (Stellu) Greipsdóttur. Hún er alveg rosalega góð og ég nota hana mikið.“

1 stk steiktur kjúklingur eða bringur, fer eftir smekk
Mataróla
1-2 msk. karrý (ég nota stundum rautt en það er döldið sterkt, minnka þá magnið)
3 stk. hvítlauksrif, pressuð eða smátt skorin

2-3 stk. rauðar paprikur
1 stk. blaðlaukur
100 gr / 1 askja rjómaostur
1 flaska Heinz Chili sósa (má nota Euro Shopper chili sósu)
1-2 stk. kjúklinga/grænmetiskraft
salt og pipar
mjólk, vatn eða rjómi eftir smekk

Fyrst er kjúklingurinn steiktur í bitum uppúr olíu og hann kryddaður með salti og pipar. Síðan er paprikan og blaðlaukurinn léttsteikt með í pottinum ásamt hvítlauknum og karrýinu. Þá er rjómaostinum og Chilisósunni bætt út í og síðan



vökvanum. Látið malla í smá tíma og um að gera að smakka og krydda meira eftir smekk. Þessi uppskrift er fyrir u.þ.b. 6-10 manns fer að sjálfsgöðu eftir vökvamagni. Verði ykkur að góðu.

Gleðilegt
sumar





Hið stórskemmtilega sundnámskeið Kobba krókudíls og Hönnu hafmeyju hófst fimmtudaginn 5. júní í Varmárlaug. Þetta eru alls 11 skipti og eru krakkarnir á hverjum degi í hálf tíma í senn ofan í lauginni. Námskeiðinu líkur 20. júní. Rútur sækja leikskólabörn fædd 2002 í leikskólana þ.a. eina sem foreldrar þurfa að gera er að skella sundfatnaði ofan í tösku barnanna að morgni. Allir tímar fyrir hádegi eru eyrnamerkir leikskólunum en þau börn sem eldri eru og vilja bæta við sundkunnáttu sína geta komið kl. 12. Hægt er að nálgast upplýsingar í Íþróttamiðstöðinni að Varmá eða í síma 566-6754.



Dúettin Hljómur á Hellishólum í Fljótshlíð
Laugardagskvöldið 21. júní
Fös. og lau. um Verslunarmannahelgina

hellisholar.is



Meistaraflokkur kvenna 2008 sem spilar nú í Landsbankadeildinni.

Skipuð hefur verið sögunefnd til ritunar bókar Saga Aftureldingar í 100 ár

Ungmennafélagið Afturelding verður 100 ára á næsta ári og hefur verið skipuð sögunefnd vegna þess. Hana skipa: Gylfi Guðjónsson, formaður; Bjarki Bjarnason, sagnfræðingur; Helgi Sigurðsson, sagnfræðingur (og dýralæknir); Anna Þóra Stefánsdóttir, fv. stjórnarmaður í UMFA og Ingibjörg Bergós Magnúsdóttir, fv. formaður UMFA. Mosfellsbær hefur ákveðið að styrkja verkefnið. Í framhaldi verður gerður ritunarsamningur við Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson, sagnaritara, um að taka verkið að sér.



Stuðningsmannabólir
fást á næsta heimaleik.
Aðeins 500 kr.



Sálin hans Jóns míns í Hlégarði

Einhver vinsælasta hljómsveit landsins frá stofnun lýðveldisins, Sálin hans Jóns míns, treður í kvöld upp í Hlégarði. Sveitin fagnar um þessar mundir 20 ára afmæli og skemmst er að minnst glæsilegra og sögulegra afmælistónleika sem bandið hélt í Laugardalshöll þann 14. mars s.l. Í tilefni afmælisins hyggjast Sálverjar vera nokkuð sýnilegir í sumar og er nú nýhafin samaryfirreið um landið. Í kvöld koma Sálverjar í Mosfellsbæ, líkt og þeir hafa gert með reglulegu millibili undanfarnin ár. Stefnt er að því að í Hlégarði verði kátínan ekki minni en í Laugardalshöllinni, þótt vissulega sé rýmið minna. Miðasala hefst á staðnum kl. 22 og aldurstakmark er 20 ár.

Allar sóttar pizzur
með **30% afslætti**

Gildir ekki með öðrum tilboðum

ÞÚ SÆKIR

Tvær fyrir eina Þú kaupir tvær pizzur af sömu gerð, með eins mörgum áleggstegundum og þú vilt. Þú greiðir fyrir dýrari pizzuna en ekkert fyrir hina. Tilboðið gildir ef pizzan er sótt og keypt er með henni eitt af þessu:

- Brauðstangir, stór skammtur með sósu
- Tveir lítrar af Coke, Diet Coke, Sprite, Fanta eða Fresca



Þverholti 2, Kjarna
Sími: 55-44444



SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvernig er nýja torgið og hvað á það að heita?



ANDREA: Torgið er glæsilegt, það ætti að heita Mosfellstorg.



DABBI: Nauðsynlegt. Ætti að heita Gullið.




INGVAR: Glæsilegt, það mun heita Blái hnötturinn.



ANDREA: Mjög sniðugt torg, ætti að heita Kjarnatorg.



ARNÓR: Glæsilegt, torgið ætti að heita Lágafellstorg.



SINDRI: Flott, það ætti að heita Mosfellstorg.



Duran Duran



Goodburger



Marín og Kallinn



Samúel og Eddi



Viltu Ís Björn?



Ástin er diskó



Fire og flamme




Risarnir þrír



Síðillís

HVERJIR VORU HVAR?


Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Eurovisionpartý aldarinnar



Olga og Inga í hár saman



Burberry



Stúdínur í stuði



Strákarnir okkar



Pippi Langstram



Stjáni og stuðboltarnir




Heitir á Hooters



Áfram stelpur!



Fæddir sigurvegarar



Stúddi



Harðsnúna Hanna

mosfellingur@mosfellingur.is

TVÍFARAR



SELÍ GÓMM



CARSON DALY



HEPPIN

AMMA VIGGA Á REYKJAKOTI

FÉKK DANS VIÐ JOHNNY LOGAN



Em í beinni
7.-28.júní
Tilboð
á barnum



VERÐKÖNNUN '08

Í mars á síðasta ári lækkaði virðisaukaskatturinn úr 24% eða 14% í 7%, þá gerði ég verðkönnun í Mosó.

Það voru nokkrir sem fengu falleinkunn, og sunnudaginn 1. júní 2008 fór ég aftur á stúfanna og kannaði breytingar.

Fyrst var ferð minni heitið í Lúgusjoppuna. **DÆMI:** Hamborgaratilboðið þar hafði lækkað úr 770 í 840, pylsutilboðið hafði lækkað úr 390 í 440.

Lúgusjoppan fær 2 mínusa í kladdann fyrir hækkun en einn plús fyrir viðráðanlega hækkun.

Draumakaffi var næsti staðurinn sem kvikindið heimsótti.

DÆMI: 12" m/2 áleggst. var á 1390 og er í dag 1490 og er Gummi búinn að skella kók með í pakkann þannig að það má segja að það hafi lækkað eða staðið í stað og fær Gummi og frú 3 plúsa fyrir ómakið en 1 mínus fyrir að hætta með 16" tilboðið.

Þá var það Snæland. **DÆMI:** Ostborgaratilboðið var á 770 og hefur lækkað í 850. Pylsan er á sama verði 220 krónur og fá þau 1 plús í kladdann fyrir það en 3 mínusa fyrir hækkunina sem er ekki mikil en síðast þá lækkuðu þau ekki þegar virðisaukinn lækkaði.

Bónusvideo var næst á dagskránni. **DÆMI:** 1/2 af kók í plasti sem fór í 155 í lækkuninni og er komið upp í 170 í dag en pylsan var 188 en hefur verið tekinn af matseðlinum. Fá þeir fyrir vikið 2 mínusa fyrir hækkunina og fyrir að drepa pylsuna.

Þá var komið að leiðarenda á gamla Pizzabænum nú Hróa Hetti. **DÆMI:** Verðinn á 16" m/3 álegst. á 1499 en nú 1974. Ekki nóg með að þeir hafi vinninginn í hækkunum hér í bæ heldur hafa þeir minnkað pizzuna úr 16 tommum í 15 og lækkað hana heldur hressilega.

Það virðist vera eftir þessa ein-kunnargjöf að Draumakaffi sé hástökkværi á meðan Hrói Höttur (gamli pizzabær) séu okkrar ársins í ár meðan aðrir róir á svipuðum slóðum. En batnandi „stöðum“ er best að lifa.

Lúgusjoppa: ☹️ ☹️ ☹️

Draumakaffi: ☹️ ☹️ ☹️ ☹️

Snæland: ☹️ ☹️ ☹️ ☹️

Bónusvideo: ☹️ ☹️ ☹️

Hrói Höttur: ☹️ ☹️ ☹️ ☹️ ☹️



Högni Snær
☹️ ☹️ ☹️

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Óska eftir íbúð til leigu

Óska eftir 3-4 herbergja íbúð í Mosfellsbæ í september. Reglusemi og skilvísunum greiddslum heitið uppl. í síma 863-6306 og 862-0061.

Vantar leiguíbúð

Nýtskrifaður iðjupjálfi óskar eftir herbergi (m/aðgangi að eldunar- og þvottaðstöðu), stúdíóíbúð eða 2 herbergja íbúð til leigu frá 16. júní, í a.m.k. hálf til eitt ár. Reyklaus, reglusamur. Upplýsingar gefur Kristín í síma 463-1204 og 695-1204, kristgsig@hotmail.com

Heimilishjálpar óskast

Fjölskylda í Krikkahverfi óskar eftir heimilishjálpar 1-2x í viku til að annast almenn heimilisstörf s.s. þrif, þvott o.p.h. Einar, s. 898-5895.

Týndur köttur

Kládius týndist frá Bugðutanga 40 þann 25. maí. Hann er svartur með hvíta fætur, veiðihár og ól. Allar upplýsingar eru vel þegnar í síma 566-6931.

Íbúð óskast til leigu

Óska eftir lítilli íbúð til leigu. Fyrirframgreiddslur ef óskað er. Albert, s. 866-6684.

Horfið barnareihjól

Dökkblátt og appelsínugult barnareihjól hvarf frá Skeljatanganga 40 fyrir nokkru. Ef einhver hefur séð hjólið vinsamlegast hafið þá samband við Matthías í síma 824-2757 eða Jóhönnu 822-8757.

Vantar íbúð til leigu

Fimm manna fjölskylda vantar íbúð á sanngjörnu verði til leigu um óákeðinn tíma frá ágúst mánuði. S. 0045 86165603.

Barnahús og hjólavagn

Óska eftir barnaúthúsi og reihjólavagni. Gísli s: 845-9093, gisliskula@simnet.is

Geymsla óskast

Hjólhýsi. Vantar geymslu á milli ferða í sumar. Er einhver sem á autt stæði á planinu hjá sér t.d. verkstæði eða fyrirtæki með stórt plan, gegn sanngjarnri greiðslu? Vinsamlega hafið samband við Birki í síma 899-7473 eða 562-7473.

Tekið er á móti smáauglýsingum á netfangið: mosfellingur@mosfellingur.is

Næsta blaðið kemur út 27. júní

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ÍSHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is



BLÓM GLEÐJA

Hlín Blómahús

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



Góður sölumaður óskast



Erum að markaðssetja nýja þjónustu á Íslandi.
Góð sölupóknun í boði.

Upplýsingar í sínum 660-7777 og 697-8627.



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



Mynd/Hilmar

Ungmennafélagið ungir sveinar

Félagsskapur sem kallar sig UMFUS, Ungmennafélagið ungir sveinar, kemur reglulega saman í ræktinni undir dyggri leiðsögn Ellásar Níelssonar íþróttaræðings. Á dögnum gerðu þeir sér hinsvegar glaðan dag þar sem yngri meðlimir léku gegn þeim eldri. Ungu sveinarnir fóru með sigur af hólmi og héldu síðan í sigurvímu út í óvissuna.

Lækkaðu
bensínkostnaðinn
fáðu ókeypis dælykil
frá Atlantsólíu.



Mosfellsbær

Sími 591 3100
www.atlantsolia.is



Klapparhlíð

Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opið í eldhúsi úr stofu. Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur. V. 26,5 m.



Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rölegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefn og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. V. 39,9 m.



Leirutangi

Sér garður og inngangur
Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjörbýlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Falleg eign í barnvænu umhverfi. V. 22,9 m.



Svöluhöfði

Hagstætt áhvilandi lán
Mjög glæsilegt 209 fm. einbýli við Svöluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er á einni hæð og vel innréttað. Vandaðar innréttingar og gott skipulag. 19 millj. kr. hagstætt áhvilandi lán frá íbúðalánasj.



Litlikriki

Efst í hlíðum Krikkahverfisins
Tvö falleg og vel skipulögð 195 fm raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð. Hiti í gólfum. Flottar teikningar. Húsið stendur ofan götu og er skógræktarsvæði í hlíðinni ofan við húsið. Flott staðsetning. V. 40,9 m.



588 55 30

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

Grétar J. Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Krókabyggð

Glæsilegt 221 fm parhús á tveimur hæðum á stórrí og fallegri lóð. Húsið skiptist í þrjú svefn, glæsilegt baðherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, eldhús, gestasalerni, þvottahús og 34,5 fm bílskúr. Stórar svalir eru á efri hæð. V. 49,9 m.



Lindabyggð

Glæsilegt 186 fm parhús á einum vinsælasta stað í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur góð svefnherbergi, sólskáli áfastur við stofu. Lokað bílskúli og gróinn garður. Upptekin loft í stofu. Vandaðar innréttingar og gólfefni.



Rituhöfði

Fallegt 167 fm. parhús á einni hæð við Rituhöfða. Flott lóð með hellulögnum og varmalögnum undir. Fallegur garður. Innbyggður bílskúr. Tvö baðherbergi og vandaðar innréttingar. Sólfullur með skjólveggjum. V. 44,9 m.



Bjargartangi

Frábær staðsetning
Fallegt og mikið endurnýjað 191 fm einbýlishús á frábærum stað með tvöföldum bílskúr, hellulagðri innkeyrslu og fallegum garði. Hagstætt áh. lán að upphæð 36,8 millj. V. 49,9 m.